

## Verklag varðandi líftölufrávik

- Ef líftala mælist  $>80.000/\text{ml}$  í tanksýni, þá tekur við eftirfarandi verkferli með vísun í [Reglur um flokkun og verðfellingu mjólkur, reglur nr. 1210 frá 15. des. 2016](#)
  - Gæðaráðgjafi hefur samband við framleiðanda og gerir honum grein fyrir niðurstöðum og verkferli sem fer af stað við þessar kringumstæður.
  - Tanksýni verða tekin til mælinga úr allri mjólk sem framleiðandi ákveður að leggja inn, þar til mæling fæst innan  $<80.000/\text{ml}$ . Lakasta niðurstaða tanksýna í hverri viku gildir til gæðaflokkunar.
  - Gæðaráðgjafi mun annast móttöku stöðusýna og upplýsa um niðurstöður þeirra, auk þess að aðstoða við greiningu orsaka líftölufrávika.
  - Tanksýni gildir ávallt til gæðaflokkunar. Ef stöðusýni mælist með háa líftölu eða framleiðandi hefur grun um líftölufrávik án staðfestar mælingar, þá hefur framleiðandi alltaf þann kost að farga mjólkinni fyrir næsta skipulagða losunardag.
  - RM gefur út staðfesta niðurstöðu á líftölu, önnur tiltæk mælitæki gefa eingöngu leiðbeinandi niðurstöður. Ekki er hægt að staðfesta líftölu utan hefðbundins vinnutíma RM.
  - Framleiðandi er alltaf ábyrgur fyrir gæðum á mjólk sem hann ákveður að leggja inn.
- Skilgreiningar:
  - **Tanksýni:** Mjólkursýni sem mjólkurbílstjóri tekur úr innlagðri mjólk.
  - **Stöðusýni:** Mjólkursýni sem tekið er milli skipulagðra losunardaga.